



## Hreppsnefnd 05.02.04

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps, sem haldinn var í félagsheimilinu Miklagarði fimmtudaginn 5. febrúar 2004 kl. 10.00

Mættir: Emil Sigurjónsson, Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Valgeirsson, Ellert Árnason, Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir og Ólafur Ármannsson

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 20. janúar sl.  
Fundargerð hreppsnefndar frá 20. janúar sl. lögð fram.  
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 3. feb. sl.  
Fundargerð bygginganefndar frá 3. febrúar lögð fram. Varðandi 4. tl. Fundargerðarinnar "sjóvörn" vísar hreppsnefnd honum aftur til umfjöllunar í byggingar -og skipulagsnefnd, enda verði leitað leiða til þess að mæta ábendingum sem fram koma í fundargerðinni um verndun hluta af fjöru í Framtíðarvík, verði því komið við með góðu móti.  
Fundargerðin samþykkt að öðru leyti með 6 atkv.

3. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, aðalsjóðs, A og B hluta sjóða 2004- síðari umræða. Lögð fram fjárhagsáætlun aðalsjóðs, A -og B-hluta sjóða fyrir árið 2004 ásamt breytingartillögum. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í á árinu 2004. Ennfremur lögð fram sjóðsstreymi fyrir alla sjóðina.  
Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi áætlunum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið milli umræðna á tillögum að fjárhagsáætlun ársins 2004. Lagði hann síðan til að fyrirbyggjandi tillögur að fjárhagsáætlunum Vopnafjarðarhrepps aðalsjóðs og A- og B-hluta sjóða yrðu samþykktar við síðari umræðu.  
Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum. Síðan var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi áætlanir og voru þær samþykktar eins og þær lágu fyrir með áorðnum breytingum með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá.

4. mál. Hótel Tangi, kauptilboð.  
Lagt fram tölvubréf Byggðastofnunar frá 30. janúar sl., þar sem stofnunin tilkynnir að hún er tilbúin að selja Vopnafjarðarhreppi Hótel Tanga á kr. 5.000.000.  
Hreppsnefnd samþykkir að hótelið verði keypt og um kaupin verði stofnað sérstakt Eignarhaldsfélag.  
Samþykkt með 6 atkv. og einn sat hjá.

5. mál. Starfsmannamál  
Lögð fram drög að starfslýingu fyrir Magnús Má Þorvaldsson. Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi drög að starfslýingu og voru þau síðan samþykkt með 7 atkv.

6. mál. Fundur með þingmönnum kjördæmisins. Gerð grein fyrir fundinum.

Í faramhaldi var lögð fram svofelld ályktun ásamt greinargerð:

Ályktun  
"Austurland Tækifæranna"

“Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fagnar miklum framkvæmdum og uppbyggingu, sem á sér stað í Fjarðarbyggð og Mið-Austurlandi með virkjana -og stóriðjuframkvæmdum.

Með framkvæmdunum er enn meira knýjandi, en áður, að tengja byggðirnar norðan Smjörfjalla við Mið-Austurland með jarðgöngum undir Hellisheiði eystri.

Árið 1979 ályktaði Samband Austfirskra Sveitarfélaga að forgangsverkefni í vegagerð á Austurlandi ætti að vera jarðgöng frá Fljótsdalshéraði yfir til Vopnafjarðar, þannig að eðlileg samskipti við aðra hluta Austurlands gætu átt sér stað árið um kring.

Á aðalfundi SSA árið 2001, var síðan samþykkt að næstu jarðgöng hér á Austurlandi yrðu undir Hellisheiði.

Vopnfirðingar krefjast þess að við ákvörðun næstu jarðgangaframkvæmda verði það haft sem megin markmið að standa við þær samþykktir sem gerðar hafa verið þannig að Vopnfirðingar geti í raun talist til Austurlands og tekið þátt í þeirri atvinnubyltingu, sem, nú, á sér stað í landshlutanum. Að öðrum kosti munu Vopnfirðingar sjá sig knúna til að endurskoða þátttöku sína á vettvangi SSA.

Greinargerð:

Góðar samgöngur milli byggðarlaga eru grundvöllur þess að samvinna milli svæða og þjónusta við byggðirnar styrkist. Í skýrslu sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri vann fyrir Vopnafjarðarhrepp á árinu 2003 kemur glöggf fram hversu mikla grundvallar þýðingu jarðgöng undir Hellisheiði eystri hafa á samfélag og þróun byggðar sitt hvoru megin Smjörfjalla.

Göngin myndu rjúfa vetrareinangrun byggðanna norðan Smjörfjalla og opna gátt inn á Fljótsdalshérað. Leiðin milli Vopnafjarðar og Egilsstaða stýttist um 38 % og verður öll á láglandi, ennfremur er því spáð í líkani að samskipti milli Egilsstaða og Vopnafjarðar muni aukast um liðlega 60 % með tilkomu ganga. Það liggur því í augum uppi að öll samvinna t.a.m. í skólaheilbrigðis-, atvinnu-, félags og ferðamállum mundi verða mun auðveldari.

Jafnframt yrði öruggur aðgangur að góðum flugvelli á Egilsstöðum allan ársins hring, sem opnar mikla möguleika fyrir atvinnulífið og þjónustu við ferðafólk. Búast má við að atvinnuflóran verði mun fjölbreytilegri með því að tengja byggðirnar norðan Smjörvatntsheiða við það svæði, þar sem atvinnuuppbygging er í mestri uppsveiflu í tengslum við virkjana -og stóriðjuframkvæmdir.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar vill því ítreka mikilvægi þess að ráðist verði í gerð jarðganga undir Hellisheiði eystri eins fljótt og mögulegt er og þau tímasett.

Í þessu sambandi er og bent á ályktanir SSA um þessi mál frá 2001 og 2002 og ályktun Héraðsstjórnar Héraðssvæðis frá febrúar 2003, en þar kemur fram að mikill og samstíga áhugi er fyrir göngunum í byggðunum allt frá Bakkafirði til og með Fljótsdalshéraði.

All miklar umræður urðu um fyrirbyggjandi tillögu. Síðan var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi ályktun.

Ályktunin ásamt greinargerð var samþykkt samhljóða með 7 atkv.

7. mál. Kvenfélagið Lindin, ósk um styrk, skv. Bréfi dags. 29. jan. sl.

Lagt fram bréf frá Kvenfélaginu Lindinni, þar sem óskað er eftir styrk vegna framkvæmda við félagsheimilið Staðarholt.

Samþykkt með 7 atkvæðum að styrkja fyrirhugaðar framkvæmdir með 100 þús. kr.

8. mál. Bréf Jóhannesar Kristinssonar dags. 22. des. sl., forkaupsréttur.

Lagt fram bréf frá Jóhannesi Kristinssyni, þar sem hann spyrst fyrir um forkaupsréttarákvæði vegna yfirfærslu jarða sinna í Vopnafirði yfir í íslensk einkahlutafélag sem eru alfarið í hans eigu.

Hreppsnefnd samþykkir að að hafna forkaupsrétti vegna jarðanna, en um er að ræða jarðirnar : Deildarfell, Borgir, Ytri- Hlíð 1 og hluti í jörðinni Gnýstöðum, enda liggi fyrir samþykki Jarðanefndar N- Múlasýslu.

9. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Fundur sveitarstjórnarmanna 5. feb. nk. kl. 15.00 um brunamál, haldinn á Hótel Héraði.

b) Afrit af bréfi dags. 10. jan. sl. frá aðstandendum undirskriftarsöfnunar vegna vals á veltengingu af hringvegi og niður til Vopnafjarðar.  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.